

Fyrir hönd Flensborgarskólans kt. 6111751919, sæki ég um styrk til bæjarráðs Hafnarfjarðar til að efla og auka starfsemi netmiðilsins gaflari.is, en bæjarráð styrkti nýja gerð vefsins um 250 þús fyrir ári. Miklar breytingar hafa verið gerðar á vefnum og fréttafloturningur frá viðburðum í Hafnarfirði aukinn mikið bæði með skrifuðum fréttum og sjónvarpsfréttum. Enn á að bæta í og jafnframt að taka þær fréttir úr Hafnarfirði sem hafa meiri skírskotun til almennings utan bæjarins inn á hinn vefinn okkar, netsamfelag.is í meira mæli en áður.

Uppsetning og þróun þessara fréttavefja hefur kostað miklu meira en reiknað með þegar farið var af stað og öryggismál, útvistun myndbandsfréttanna og streymi verið skólanum dýr á erfiðum tímapunkti í rekstri hans. Nú höfum við keyrt gaflari.is í þessari mynd í rúmt ár og erum að vinna að nýju útliti vefsins sem lítur dagsins ljós um áramót. Hann verður enn notendavænni og myndskreyttari og aðlagar sig betur að spjaldtölvum og farsímum en áður, auk þess sem öll myndbönd og sjónvarpsfréttir birtast nú í þessum miðlum - óháð stærð eða tegund.

Ég sæki um styrk allt að tveimur milljónum króna og vísa til þeirra menningar- og sögulegu verðmæta sem deildin vinnur í formi fréttu og mynd- og hljóðritana með starfi sínu. Styrkur þessi gæti líka falist í öðru en peningum t.d. auglýsingum eða tilkynningum frá bænum á gaflari.is, eða fleiri beinum verkefnum en þeim sem deildin hefur nú með höndum fyrir Hafnarfjarðarbæ, svo sem upptökum og beinum útsendingum (strími) frá söngkeppni Hafnarfjarðar, grunnskólahátíð o.fl.

virðingarfyllst,

Halldór Árni Sveinsson,
fagstjóri fjölmiðladeildar Flensborgarskólans.
dorisv@flensborg.is